

# Eftirlit með taupvotta- efnum 2015

–Eftirlit með merkingum og innihaldslýsingum á umbúðum  
taupvottaefna sem seld eru almenningi

## **Formáli**

Mikilvægt er að tryggja að taupvottaefni sem og önnur þvotta- og hreinsiefni á markaði séu örugg og uppfylli kröfur reglugerðar um þvotta- og hreinsiefni nr. 300/2014 sem innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 648/2004. Einkum er mikilvægt að ganga úr skugga um að umbúðir slíkra vara hafi að geyma notkunarleiðbeiningar, innihaldslýsingu og aðrar skyldubundnar merkingar í ljósi þess að þær eru notaðar á hverju heimili og margar þeirra innihalda efni sem geta verið ofnæmisvaldandi og ertandi. Samhliða þessu eftirliti fór fram eftirlit með merkingum sem eiga að vera á umbúðum taupvottaefna- og annarra hreinsiefna ef þau innihalda efni sem falla undir reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir CLP reglugerð Evrópusambandsins nr. 1272/2008.

Ákveðnar kröfur gilda um merkingar umbúða og takmarkanir um efnainnihald samkvæmt framangreindum reglugerðum. Dæmi um skyldubundnar merkingar eru leiðbeiningar um notkun þvottaefnis, um skammtastærðir og upplýsingar um innihaldsefni þar á meðal um ofnæmisvaldandi ilmefni og ertandi efni.

Með þessu verkefni sinnir stofnunin einu af hlutverkum sínum skv. efnalögum, nr. 61/2013, sem er að hafa eftirlit með markaðssetningu efna og efnablandna sem falla undir lögin.

## **Tilgangur og markmið**

- Að skoða merkingar og innihaldslýsingu á umbúðum taupvottaefna hjá söluaðilum í þeim tilgangi að athuga hvort slíkar vörur uppfylli kröfur og takmarkanir gildandi reglugerða um þvotta- og hreinsiefni og reglugerða um flokkun og merkingu efnavara.
- Að fræða birgja og söluaðila um reglugerðir sem gilda um þvotta- og hreinsiefni, einkum kröfur um merkingar og takmarkanir um innihaldsefni.
- Að auka neytendavernd.

## **Framkvæmd**

Farið var í eftirlit í verslanir og við val á þeim var lögð áhersla á að fara í sem flesta landshluta. Í töflum sem hér fylgja er listi yfir verslanirnar sem farið var í og þá birgja sem voru með taupvottaefni í úrtakinu í þeim. Alls var farið í sjö verslanir á höfuðborgarsvæðinu og í sex verslanir á jafn mörgum stöðum annars staðar á landinu, í Borgarnesi, á Patreksfirði, Ólafsfirði, Reyðarfirði, Selfossi og Þorlákshöfn.

Eftirlitsferðir fóru fram frá 20. ágúst til 4. september 2015. Einnig var sendur fræðslupóstur á birgja, íslenska framleiðendur og verslanir.

<b>Verslanir</b>
Kostur, Kópavogi
Megastore, Kópavogi
Rekstrarvörur, Reykjavík
Hagkaup í Skeifunni, Reykjavík
Samkaup úrval, Ólafsfirði
Krónan, Reyðarfirði
Nettó, Selfossi
Kjarval, Þorlákshöfn
Iceland í Engihjalla, Kópavogi
Fjölval, Patreksfirði
Fjarðarkaup, Hafnarfirði
Víðir í Skeifunni, Reykjavík
Bónus, Borgarnesi

<b>Birgjar</b>
Aðföng ehf.
Iceland ehf.
ÍSAM ehf.
John Lindsay hf.
Kostur ehf.
Nathan & Olsen hf.
Rekstrarvörur ehf.
Samkaup hf.
Sema ehf.
Heilsa ehf.
Kaupás hf.
Mjöll-Frigg hf.

Þegar komið var á staðinn var eftirlitsþegum afhent bréf þar sem skýrt var frá eftirlitsverkefni, umfangi þess, hlutverki Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013 og gildandi reglugerðum um þvotta- og hreinsiefni. Einnig var upplýst að samantektarskýrsla um verkefnið yrði birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Jafnframt var þeim afhentur bæklingur um kröfur sem gilda um markaðssetningu þvotta- og hreinsiefna.

Í hverri verslun var tekið úrtak af taupvottaefnum til skoðunar. Við val á því var miðað við að velja eitt taupvottaefni úr hverri vörulínu innan vörumerkis, metið hverju sinni út frá fjölda vara og fjölbreytileika. Ljósmyndir voru teknar af umbúðum og öllum merkingum.

Við skoðun umbúða var athugað hvort þær uppfylltu kröfur um merkingar skv. 3 gr. reglugerðar nr. 300/2014 og 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 648/2004. Einnig var farið yfir innihaldslýsingu með áherslu á það hvort þyngdarhlutföll efna á borð við fosfór, fosfónöt, yfirborðsvirk efni og súrefnisháð bleikiefni væru gefin upp með réttum hætti og hvort að fram komi hvort, og þá hvaða, ensím, sótthreinsiefni, ljósvirk bleikiefni, ilmeftni og rotvarnarefni væru í vörunni. Jafnframt var athugað hvort vöurnar voru hættumerktar í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna

Hér á eftir eru skyldubundnar merkingar taldar upp:

- Nafn, heimilisfang og símanúmer ábyrgðaraðila innan Evrópska efnahagssvæðisins.
- Upplýsingar um hvar nálgast megi gagnablað.
- Þyngdarhlutföll tiltekinna innihaldsefna með tilliti til styrks og upptalning tiltekinna efna án tillitits til styrks.

- Leiðbeiningar um notkun og sérstakar varúðarráðstafanir ef þörf krefur.
- Skammtastærðir miðað við staðalþvott fyrir þrenns konar hörku vatns
- Fjöldi skammta í pakka.
- Rúmtak skammtamáls ef það fylgir með.
- Hættumerkingar á íslensku, ef varan flokkast skv. reglugerð nr. 415/2014.

Eftirlitsskýrslur og bréf með niðurstöðu eftirlits voru sendar til verslana og birgja í febrúar 2016 þar sem greint var frá niðurstöðum eftirlitsins, bent á hvaða reglugerðir gilda um þvotta- og hreinsiefni og hvaða vörur uppfylltu ekki kröfur um merkingar og innihaldslýsingu og hvaða úrbætur þyrftu að eiga sér stað til að uppfylla kröfur. Veittur var sex vikna frestur til úrbóta frá dagsetningu bréfsins.

## Niðurstöður

Í heildina voru 69 vörur skoðaðar í 13 verslunum og var fjöldi vara í úrtaki í hverri verslun á bilinu 4 – 8 í úrtakinu voru vörur frá alls 12 birgjum.

Páttur	Fjöldi	Hlutfall (%)
Verslanir í úrtaki	13	
Verslanir án frávika	0	
Taupvottaefni í úrtaki	69	
Taupvottaefni án frávika	34	49%
Taupvottaefni með frávik	35	51%

Af þeim 13 verslunum sem voru heimsóttar voru allar með frávik vegna vanmerkinga. Í heildina var úrbóta þörf á 35 vörum eða 51% þeirra sem voru í úrtakinu og voru þær frá átta birgjum. Af þeim eru þrjú utanaðkomandi birgjar, fjórir sem eru með verslun og einn íslenskur framleiðandi. Helstu frávik voru eftirfarandi:

- Hættumerkingum er ábótavant.
- Þyngdarhlutföll innihaldsefna koma ekki fram.
- Skammtastærðir ekki tilgreindar miðað við þrenns konar hörku vatns.
- Ekki kemur fram hvort uppgefin fjöldi þvotta sé fyrir mjög óhreinan þvott eða fyrir lítið óhreinan þvott.
- Texti merkinga á öðrum tungumálum en íslensku, ensku eða Norðurlandamáli.
- Nafn, heimilisfang og símanúmer ábyrgðaraðila innan EES svæðisins vantar.

Taupvottaefni með frávik getur verið með eitt eða mörg ofangreindra atriða sem þarfnast úrbóta. Á taupvottaefnum sem flutt hafa verið inn frá löndum utan EES vantaði allar skyldubundnar merkingar og fullnægjandi innihaldslýsingu á umbúðir skv. kröfum í reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni. Þá vantaði hættumerkingar á vörum frá 7 af 9 birgjum sem fluttu inn vörur frá löndum utan EES. Í öllum tilfellum er um að ræða innflytjendur með sína eigin verslun. Taupvottaefni frá íslenska framleiðandanum uppfylltu ekki allar kröfur um merkingar umbúða skv. reglugerð um þvotta- og hreinsiefni, þá helst er varðar upplýsingar sem tengjast hörku vatns og skammtastærðum.

Tauþvottaefni sem flutt hafa verið inn frá Evrópulöndum uppfylltu langflestar kröfur um merkingar og innihaldslýsingu skv. reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni en dæmi voru þó um að texti á umbúðum væri á öðrum tungumáli en leyfilegt er skv. reglugerðinni. Þar er krafa um að texti sé á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.

Hættumerkingar vantaði almennt á tauþvottaefni flutt inn frá löndum utan EES og einnig vantaði íslenskar hættumerkingar á nokkrar vörur frá löndum innan svæðisins. Sumar vörur voru hættumerktar samkvæmt CLP reglugerðinni frá framleiðanda en merktar á íslensku samkvæmt gömlu reglugerðinni nr. 236/1990 um flokkun og merkingar hættulegra efna frá innflytjanda.

Niðurstaða verkefnisins sýnir að tauþvottaefni sem flutt eru inn frá Evrópu uppfylla yfirleitt kröfur gildandi reglugerða um þvotta- og hreinsiefni. Á tauþvottaefni sem flutt eru inn frá löndum utan EES vantar almennt allar skyldubundnar merkingar á umbúðir og fullnægjandi upplýsingar um innihaldsefni. Hjá íslenska framleiðandanum sem var í úrtakinu vantaði hluta af þessum upplýsingum á umbúðir. Hættumerkingar vantaði aðallega á tauþvottaefni flutt inn frá löndum utan EES. Uppfæra þarf íslenskar hættumerkingar á sumum vörum í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP).

Viðbrögð fyrirtækja við niðurstöðu eftirlitsins voru almennt jákvæð og samskipti og samvinna við Umhverfisstofnun góð. Sum fyrirtækin leituðu að eigin frumkvæði til stofnunarinnar varðandi nánari upplýsingar stuttu eftir að bréf með kröfum um úrbætur barst. Þrjú fyrirtæki fengu ítrekunarbréf og áform um áminningu ef ekki yrði brugðist við kröfum um úrbætur. Tvö þessara fyrirtækja brugðust við í framhaldinu og gerðu fullnægjandi úrbætur. Eitt fyrirtæki fékk áminningu og áform um dagsektir en gerði fullnægjandi úrbætur í kjölfarið þannig að ekki þurfti að grípa til dagsekta. Staðan er núna sú að allir birgjar hafa uppfyllt kröfur um úrbætur á þeim tauþvottaefnum sem verkefnið náði til.

Þegar fyrirtæki hafði brugðist við frávikum og sýnt fram á úrbætur var því sent bréf þar sem tilkynnt var um málslok og að Umhverfisstofnun gerði ekki frekari athugasemdir.

Mikilvægt er að Umhverfisstofnun haldi áfram að fylgjast með að tauþvottaefni á markaði uppfylli ákvæði reglugerða um merkingar og þá sérstaklega með vörum sem eru fluttar inn frá löndum utan EES.

7. júní 2016

Einar Oddsson, sérfræðingur